

Félag atvinnurekenda
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2015
Tilv.: 1502027

Efni: Breytingar á greiðslukortamarkaði

Þann 18. desember 2014 tilkynnti Samkeppniseftirlitið um að Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, Borgun og Valitor hefðu hver fyrir sig gert sátt við Samkeppniseftirlitið vegna rannsóknar þess á samkeppnishömlum á greiðslukortamarkaði. Í ákvörðun nr. 8/2015 sem nýlega var birt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins er gerð ítarleg grein lyktum málsins.

Fyrirgreindum sáttum er ætlað að leiða til mikilvægra breytinga á greiðslukortamarkaði. Megintilgangurinn með þeim er að stuðla að aukinni hagkvæmni í greiðslukortapjónustu með því að skapa grundvöll fyrir sterkara aðhald viðskiptavina, stuðla að samkeppnislegu jafnræði keppinauta á sviði færsluhirðingar og greiðslukortautgáfu, draga úr hættu á hagsmunaaárekstrum í starfsemi fjármálafyrirtækja á greiðslukortamarkaði, og að öðru leyti stuðla að virkari samkeppni á sviði kortautgáfu og færsluhirðingar.

Breytingarnar fela m.a. í sér að þann 1. maí sl. gengu í gildi háþörk milligjalda sem taka til viðskipta hjá Íslenskum söluaðilum þegar greitt er með íslenskum VISA, Electron, MasterCard og Maestro neytendagreiðslukortum. Háþörkin eru 0,20% í tilviki debetkorta og 0,60% í tilviki kreditkorta. Háþörkin eiga við óháð því hvort greitt er á sölustað, með boðgreiðslum, gegnum internetið, með farsíma eða með öðrum snertilausum hætti. Háþörkin eru 0,20% í tilviki debetkorta og 0,60% í tilviki kreditkorta. Miðast þessi háþörk við virði hvernar færslu þannig að ekki er um meðaltal milligjalda að ræða. Með innleiðingu háþörkanna er m.a. stuðlað að aðlögun að ákvæðum reglugerðar ESB um milligjöld sem búast má við að taki gildi hér á landi innan tíðar á grundvelli skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum.

Í heild leiða framangreind háþörk til lækkunar á milligjöldum. Í sáttunum við Valitor og Borgun er ákvæði þar sem þessir aðilar skuldbinda sig til þess að lækka þóknanir sínar gagnvart söluaðilum til samræmis við lækkun milligjalda. Þar sem samningar um færsluhirðingu eru tvíhliða milli færsluhirðis og söluaðila er mikilvægt að hver og einn söluaðili sé vakandi fyrir þessu. Fjallað er um háþörk milligjalda í kafla 8.2 (bls. 41-47) í ákvörðuninni og í skýringum við ákvæði sáttanna á bls. 51-52 og 59-61.

Í tengslum framangreint hvetur Samkeppniseftirlitið söluaðila einnig til þess að vera vakandi fyrir samspili þóknana sem þeir greiða færsluhirðum og tilhögun fjármögnunar banka og sparisjóða á kreditkortaveltu gagnvart færsluhirðum. Þannig kunna boðuð dagleg uppgjör banka og sparisjóða á fjárhæð kreditkortaviðskipta gagnvart færsluhirðum að skapa hinum síðarnefndu viðbótarsvigrúm til að lækka þóknun sína gagnvart söluaðilum eftir gildistöku hámarksmilligjalda. Samkeppniseftirlitið hvetur söluaðila til að kynna sér þessa hlið breytinganna einnig. Nánar er fjallað um þetta í kafla 8.4 á bls. 49-50 í ákvörðuninni.

Lægri tilkostnaður söluaðila vegna þessara breytinga ætti að koma bæði fyrirtækjum og neytendum til góða með því að stuðla að öflugra atvinnulífi og lægra vöruverði. Til þess að sem mestur ávinningur hljóttist af framangreindum breytingum fyrir samfélagið er brýnt að söluaðilar séu upplýstir um breytingarnar og veiti þjónustuaðilum sínum á sviði færsluhirðingar aðhald í samningum um þóknunir fyrir færsluhirðingu.

Samkeppniseftirlitið beinir því til Félags atvinnurekenda að koma efni bréfs þessa á framfæri við aðildarfyrirtæki, innan þess ramma sem 10. og 12. gr. samkeppnislaga setur samtökunum. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á því að á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins hefur verið sett upp sérstök upplýsingasíða vegna málsins þar sem nálgast má frekari upplýsingar um framangreindar breytingar. Slóðin er: <http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/greidslukortamarkadur/>.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson